

226. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar,
fimmtudaginn, 13. desember 2018.

Mættir:

Stjórnarmenn: Dagbjört Pálsdóttir formaður, Ásgeir Örn Blöndal, Þröstur Friðfinnsson, Katrín Sigurjónsdóttir, Valtýr Hreiðarsson og Unnar Jónsson.

Starfsmenn: Sigmundur Einar Ófeigsson framkvæmdastjóri, Helga María Pétursdóttir og Baldvin Valdemarsson (ritaði fundargerð).

Formaður setti fundinn kl. 17.00 og bauð stjórnarmenn velkomna.

1. Undirritun fundargerðar nr. 225

Fundargerð síðasta fundar undirrituð án athugasemda.

2. Eyping

Ekkert í síðustu fundargerð Eypings gefur tilefni til skoðunar.

3. Fyrirhugað málþing um fiskeldi

Sagt frá undirbúningi varðandi málþing um fiskeldi. Laugardagurinn 19. janúar hefur verið tekinn frá í Hofi frá kl. 11 til 14. Reiknað er með sjö fyrirlesurum úr fræðasamfélaginu á Íslandi og Noregi. Fundinum er ætlað að fræða almenning og auka skilning á fiskeldi.

4. Staða helstu verkefna

Framkvæmdastjórifóryfir nokkur verkefni m.a. raflínumál og hugsanlega töf á Hólasandslínu 3, tæknimál Akureyrarflugvallar, Dysnes og lífmassaver, fyrirtækjalista í Eyjafirði, innviðagreiningu, nýja heimasíðu, fiskeldismál, greiningu landbúnaðar, sviðsmyndagreiningu sem væntalega verður frestað í bili, Hlíðarfjall, fyrirtækjakönnun í samstarfi við SSV og könnun á menntunarpörf í samstarfi við RHA.

5. Önnur mál

Umræður um sameiningu eða samrekstur atvinnuþróunarfélaganna og Eypings.

Formaður óskaði stjórnarmönnum og starfsmönnum gleðilegra jóla með þökk fyrir samstarfið á árinu.

Fleira ekki fært til bókar.

Fundi slitið kl. 18:37

